

Nefndasvið Alþingis
Utanríkismálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Tókýó, Japan, 12.mars 2015

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fríverslunarsamning við Japan, 127.mál.

Verslunarráð Íslands í Japan fagnar og lýsir heilshugar yfir eindregnum stuðningi við framkomna þingsályktunartillögu Össurar Skarphéðinssonar, fv. utanríkisráðherra, og sjö annarra þingmanna um að hefja undirbúning að gerð fríverslunarsamnings við Japan.

Frá stofnun, árið 2003, hefur Verslunarráðið einsett sér að styðja og efla enn frekar viðskiptatengsl þjóðanna, og þá sérstaklega styðja við gerð fríverslunarsamnings milli Íslands og Japans.

Utan Evrópu er Japan næst stærsta viðskiptaland Íslands á eftir Bandaríkjunum og jafnframt þriðja stærsta efnahagsveldi heims. Útflutningsverðmæti Íslands til Japans, árið 2014, voru yfir 10 milljarðar kr., sem nemur um helmingi alls útflutnings Íslands til Asíu. Sem dæmi, nam útflutningur Íslands til Kína, sama ár, aðeins 4.8 milljörðum kr., þ.e. einungis helmingur útflutnings Íslands til Japans.

Ljóst er að japönsk stjórnvöld vinna nú markvisst að því að styrkja samkeppnishæfni sína á alþjóðavettvangi og hafa nú þegar gert 15 tvíhliða fríverslunarsamninga og vinna að gerð átta til viðbótar.

Samhliða þessu hafa japönsk og íslensk stjórnvöld á undanförunum árum eflt tengsl sín. Flutningsmaður tillögunnar Össur Skarphéðinsson fv. utanríkisráðherra átti margháttað samskipti við japönsk stjórnvöld og í tíð núverandi ríkisstjórnar má sérstaklega nefna fund utanríkisráðherra Íslands, Gunnars Braga Sveinssonar, og utanríkisráðherra Japans, Fumio Kishida, í Tókýó 10. nóvember 2014, þar sem samþykkt var samstarfsyfirlýsing landanna. Í þeirri yfirlýsingu er lögð áhersla á að Ísland teldi að fríverslunarsamningur myndi örva útflutningsvöxt ríkjanna, sbr. „Iceland emphasized the importance of a free trade agreement which would encompass Iceland to stimulate export-driven growth between the two countries.“

Einnig má nefna fund sem Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra Íslands, átti með Nobuteru Ishihara, þáverandi umhverfisráðherra Japans, í Tókýó 17. febrúar 2014, þar sem einnig var rætt um fríverslunarsamning á milli Íslands og Japans.

Þessu til stuðnings má nefna stækkun sendiráðs Japans á Íslandi og fjölgun japanskra sendiráðsnauta á síðasta ári. Einnig má nefna heimsókn Nobuteru Ishihara, þáverandi

umhverfisráðherra Japans, til Íslands 26.-29. júlí 2013, þar sem hann átti m.a. fundi með Ragnheiði Elínu Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra Íslands, og Sigurði Inga Jóhannssyni, umhverfis- og auðlindaráðherra Íslands. En Nobuteru Ishihara var fyrsti japanski ráðherrann til að heimsækja Ísland í um 15 ár.


Japan er eitt þeirra erlendu ríkja sem styrkja hvað mest íslenska náms- og listamenn. Ferðamannafjöldi frá Japan til Íslands hefur aukist um 15% árlega á sl. árum og er japanska orðin næst vinsælasta erlenda tungumálið sem kennt er við Háskóla Íslands.

Framundan eru mjög spennandi tímar í samstarfi Íslands og Japans. Á næsta ári fagna þjóðirnar því að 60 ár eru liðin frá því að tekið var upp formlegt stjórnálagssamstarf milli landanna. Samstarf ríkjanna hefur reynst gæfuríkt fyrir báða aðila og því hvetur Verslunarráð Íslands í Japan til þverpólítískrar samstöðu um framkomna þingsályktunartillögu um að hefja undirbúning að gerð fríverslunarsamnings við Japan.

Um Verslunarráð Íslands í Japan:

Verslunarráðið er skipað 22 fulltrúum, m.a. frá nokkrum af stærstu fyrirtækjum Japans. Þar má nefna Mitsubishi Corporation sem er eitt stærsta fjárfestingafyrirtæki Japans, Mitsubishi Heavy Industries eitt stærsta framleiðslufyrirtæki Japans, Fuji Electric og Maruha Nichiro stærsta sjávarútvegsfyrirtækis heims. Stór íslensk fyrirtæki eins og Eimskip og sjávarútvegsfyrirtækið Icelandic eiga einnig fulltrúa í Verslunarráðinu.

f.h Verslunarráðs Íslands í Japan



Bolli Thoroddsen, formaður